

**Mál nr. 241/2017****M  
og  
váttryggingafélagið V v/ greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna missis flugferðar og ferðarofs vegna veikinda.****Gögn.**

Málskot, móttækið 21.7.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 31.7.2017, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M hafði keypt flugmiða til Alicante á Spáni 17. apríl 2017, en missti af fluginu. Hann gat keypt flugmiða til sama áfangastaðar daginn eftir. Eftir að hann var kominn til Spánar kveðst hann hafa bólgnað upp á liðum og höndum og leitað læknishjálpar vegna þessa. Hann hafi fengið svonefnt „Reiter“ heilkenni sem hafi valdið því að hann hafi ekki mátt vera úti í sól og hita. Hann hafi dvalist einu sinni yfir nótt á sjúkrahúsi vegna einkennanna og hafi ferðin verið honum ónýtt. Dætur hans hafi komið út til að aðstoða hann við heimferð, en hann hafi þurft að flýta heimferð um 6 eða 7 daga.

M hafði í gildi greiðslukortatryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr váttryggingunni annars vegar vegna kostnaðar sem hlaust við það að hann missti af flugferðinni 17. apríl 2017 og hins vegar vegna viðbótarkostnaðar við að flýta heimferðinni. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í málinu liggja fyrir váttryggingarskilmálar fyrir greiðslukortatryggingu þá sem M hafði í gildi hjá V. Í skilmálunum er að finna ákvæði um ýmis tjónstilvik sem leitt geta til greiðslu bóta úr váttryggingunni. Við skoðun skilmálanna verður ekki séð að váttryggingin taki til tjóns sem M varð fyrir vegna þess að hann missti af flugferðinni 17. apríl 2017.

Samkvæmt gr. 4.3.2 í váttryggingarskilmálunum greiðir félagið allt að kr. 16.000.000 vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings sem váttryggingin nær til, þ. á m. sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan dvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL. Heimferð M var ekki í samráði við SOS INTERNATIONAL eins og áskilið er svo til greiðslu bóta geti komið á grundvelli þessa ákvæðis í skilmálunum. Ekkert liggur fyrir í málinu sem gefur tilefni til að ætla að M hafi ekki átt möguleika á að hafa samráð við SOS INTERNATIONAL áður en hann afréð að halda heim fyrr en ráðgert hafði verið. Skilyrðum greiðsluskyldu samkvæmt ákvæði þessu er því ekki fullnægt.

Samkvæmt gr. 4.4. í váttryggingarskilmálunum greiðir félagið nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að 120.000 krónur vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna tilvika sem nánar eru tilgreind í greinum 4.4.2-4.4.4, þ. á m. vegna andláts alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs sem búsettur er á Íslandi eða í dvalarlandi, sbr. gr. 4.4.2. Bætur samkvæmt þessari grein eiga því ekki við um ferðarof vegna veikinda váttryggðs sjálfs. Önnur ákvæði skilmálanna eru ekki til þess fallin að veita M rétt til bóta vegna aukakostnaðar af völdum heimferðarinnar. Hann á því ekki rétt á bótum úr váttryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 5. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.